



Lög fyrir Landssamband Sjálfstæðisverkamanna og sjómanna

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Landssamband sjálfstæðisverkamanna og sjómanna – Stéttarfélag

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmalamaðurinn

Askja 2-1, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

209

fyrir

Landssamband sjálfstæðisverkamanna og sjómanna

I. Nafn og starfsemi:

1. gr.

Sambandið heitir "Landssamband sjálfstæðisverkamanna".

2. gr.

og sjómanna

Tilgangur sambandsins er að vinna að framgangi þeirra mála, sem miða til hagsmuna og menningarbóta verkamönnum og sjómönnum, einkum ber að efla, styrkja og útbreiða samtök sjálfstæðisverkamanna og vinna að því að koma á fullkomnu lýðræði og jafnrétti innan verkalýðssamtakanna.

3. gr.

Samkvæmt þessum tilgangi eru þetta höfuðatriðin í starfsemi sambandsins:

- a) Greiða fyrir stofnun málfundafélaga sjálfstæðisverkamanna.
- b) Ákveða stefnu málfundafélaganna í öllum stærri málum, er varða sameiginlega hagsmuni meginþorra þeirra.
- c) Halda sem nánustu samstarfi milli sjálfstæðisflokksins og málfundafélaganna enda skal starfsemi sambandsins öll og barátta háð í samræmi við stefnu sjálfstæðisflokksins.

d) Beita sér fyrir aukinni fræðslu verkalyðsins um stefnu og starf sjálfstæðisflokksins og í því sambandi hafa áhrif á málgögn flokksins í þá átt og að þau birti sem oftast greinar varðandi verkalyðsmál, fréttir af mál- fundafélögum o.s.frv.

II. Réttindi sambandsfélaganna:

4. gr.

Rétt til að vera tekinn í sambandið hafa öll málfunda- félög sjálfstæðisverkamanna, sem hafa viðurkenningu miðstjórnar flokksins. Sambandsstjórnin hefir úrskurðarvald um, hvort félag fullnægir settum skilyrðum til að vera í sambandinu. En skjóta má ágreiningi til sambandsstjórnar.

5. gr.

Hvert félag hefur fullt og ótakmarkað frelsi um sín innri mál.

6. gr.

Hvert sambandsfélag hefur rétt til að skjóta öllum ágrein- ingsmálum, sem rísa kunna upp í félaginu, til sambandsstjórnar, en áfrýja má úrskurði hennar til sambandsþings. **en skylt er hverju felagi að hlýta úrskurði sambandsstjórnar þar til sambandsþing tekur afstöðu til malsins**

III. Skyldur sambandsfélaga:

7. gr.

Sérhvert félag í sambandinu skal vera opið öllum sjálf- stæðisverkamönnum á staðnum, sem félagið starfar á.

8. gr.

Hvert félag í sambandinu skal senda sambandsstjórn skýrslu

yfir starf sitt, meðlimafjölda og fjárhag síðastliðið almanaksár. Skál skýrslan vera send til sambandsstjórnar eigi síðar en fyrir lok febrúarmánaðar.

IV. Fulltrúar:

9. gr.

Hvert félag í sambandinu hefir rétt til að kjósa fulltrúa til sambandsþings úr hópi meðlima sinna. Tala fulltrúa miðast við tölu félagsmanna eins og hún hefur verið tilkynnt til sambandsstjórnarinnar þannig: Fyrir hvert félag skal kosinn 1 fulltrúi, auk þess skal kosinn 1 fulltrúi fyrir hverja fulla 50 meðlimi.

Kjósa skal jafn marga til vara. Kjörtímabil fulltrúa er tímabilið milli þinga og má félag ekki kjósa nema einu sinni á kjörtímabilinu, nema aðal- og varamaður forfallist báðir. Ef félag er í skuld við sambandið um sambandsskatt, missir það rétt til fulltrúa á sambandsþingi þar til skattur er greiddur.

10. gr.

Kjörgengi fulltrúa til sambandsþings er bundið við það eitt að fulltrúinn sé gildur meðlimur í því sambandsfélagi, sem kys hann.

11. gr.

Fulltrúar félaganna á sambandsþingi geta, þar sem félögin óska þess, myndað fulltrúaráð fyrir héruð, sýslur eða landsfjórðunga. Þessi fulltrúaráð setja sér sjálf reglur til að starfa eftir, og annast milli þinga sémál sín innan vébanda sambandsins.

Sambandsstjórn og síðan sambandsþing skal staðfesta reglur fulltrúaráðanna. Kostnað við fulltrúaráð greiða hlutaðeigandi félög í hlutfalli við meðlimafjölda.

V. Fjármál:

12. gr.

Sambandið hefur sjóð er allar tekjur þess renna í, hvert málfundafélag greiði árlega í sambandssjóð ^{50 auru (fimmtíu auru)} ~~25 auru~~ ~~25 auru~~ fyrir hvern meðlim. Gjaldlagi skattsins er 15. janúar ár hvert. Skattinn skal miða við meðlimatölu eins og hún er 1. janúar.

13. gr.

Sambandssjóður greiðir kostnað sambandsþinga, og annan nauðsynlegan kostnað sambandsstjórnar.

14. gr.

Sambandsstjórn semur reikninga sambandssjóðs hvert almanaksár og leggur þá endurskoðaða fyrir sambandsþing. Kosnir skulu á sambandsþingi tveir endurskoðendur og einn til vara.

VI. Sambandsþing:

15. gr.

Sambandsþing skal halda í Reykjavík annað hvert ár í október eða nóvembermánuði. Sambandsþing skal boða með mánaðar fyrirvara, bréfluga eða með símskeyti til málfundafélaganna. Sambandsstjórninni er heimilt að kveðja saman aukaping, ef hún telur ástæðu.

16. gr.

Á reglulegu sambandsþingi skulu tekin fyrir öll mál er varða starf og stefnu sambandsins, úrskurðaðir reikningar þess o.s.frv.

Í öllum málum ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum.

17. gr.

Sambandsþing er lögmætt, ef til þess er löglega boðað. Þingfundur er lögmatur þegar helmingur þingmanna er á fundi.

VII. Sambandsstjórn:

18. gr.

Sambandsstjórn skipa 11 menn kosnir á sambandsþingi, forseti, varaforseti, ritari, féhirðir og fjármálaritari skulu kosnir sérstaklega og skulu þessir menn vera búsettir í Hafnarfirði eða Reykjavík, auk þeirra skulu kosnir sérstaklega 6 menn búsettir utan Reykjavíkur eða Hafnarfjarðar. Enginn er löglega kosinn í sambandsstjórn nema hann fái meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki slíkur meirihluti við fyrstu atrennu, skal kosið að nýju, og er þá sá rétt kjörinn, er hlýtur flest atkvæði. Kosnir skulu 11 varamenn í sambandsstjórn og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna. Skulu þeir kosnir á sama hátt og aðalemnn.

19. gr.

Sambandsstjórnin fer með málefni sambandsins milli þinga, með þeim takmörkum er lög sambandsins ákveða. Skal vera svo náð samband milli hennar, stjórna málfundafélaganna, og fulltrúaráða, sem auðið er.

- 6 -

20. gr.

Sambandsstjórnin heldur fundi þegar forseti kallar hana saman, eða tveir úr stjórninni óska þess. Lögmatur fundur, þegar meirihluti þeirra stjórnarmeðlima er heima eiga í Reykjavík og Hafnarfirði eru mættir.

~~gr.~~

21. gr.

Ein manur eða fleiri úr sambandsstjórn geta krafist atkvæða-
greiddala allrar sambandsstjórnarinnar

22. gr.

Lögum þessum má breyta með meirihluta atkvæða á sambandsþingi